

Samráðsáætlun vegna gerðar á verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir Litluborgir.

Í desember 2020 verður þeim samráðsaðilum sem tilgreindir eru í samráðsáætlun send erindi til upplýsingar um að vinna við stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Litluborgir sé hafin og óskað eftir athugasemdum og ábendingum sem gagnast gætu við gerð áætlunarinnar.

Í maí 2021 er gert ráð fyrir að drög að verndar- og stjórnunaráætlun verði auglýst á heimasíðu Umhverfisstofnunar þar sem öllum gefst kostur á að gera athugasemdir og koma með ábendingar við áætlunina. Þeim samráðsaðilum sem tilgreindir eru í samráðsáætlun verður sendur tölvupóstur/erindi til að vekja athygli á kynningarferlinu.

Til viðbótar því samráðsferli er fram kemur hér að ofan verður haft samráð við sérfræðinga og stofnanir eftir atvikum. Vinsamlegast skoðið lista yfir samráðsaðila og ef þið hafið ábendingar um samráðsaðila sem gætu vantað eða ef samráðsaðilum er ofaukið. Þá væri gott að fá ábendingu um það.

Samráðsaðilar

- ~ Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
- ~ Náttúrufræðistofnun Íslands
- ~ Minjastofnun Íslands
- ~ Skipulagsstofnun
- ~ Samgöngustofa
- ~ Landgræðslan
- ~ Vegagerðin
- ~ Landvernd
- ~ Náttúruverndarsamtök Íslands
- ~ Náttúrustofa Suðvesturlands
- ~ Náttúrufræðistofa Kópavogs
- ~ Ferðamálastofa
- ~ Heilbrigðiseftirlit Hafnafjarðar, Garðabæjar og Kópavogs
- ~ Stjórn Reykjanesfólkvangs
- ~ Landsnet